



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 29. september 2021 varðandi eftirfarandi mál.

Laugardalur - austurhluti

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulaginu "Laugardalur - austurhluti" vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstæðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að 5 smáhýsum á nýrri lóð, samkvæmt uppdr. Trípólí arkitekta dags. 28. janúar 2020. Tillagan var auglýst frá 4. júní 2021 til og með 16. júlí 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Ingunn Anna Jónsdóttir dags. 4. júní 2021, Anna Heiða Gunnarsdóttir dags. 6. júní 2021, Margrét Jóhanna Jóhannsdóttir dags. 15. júní 2021, Friðjón Sigurðarson f.h. Reita fasteignafélags hf. dags. 5. júlí 2021, Frimann Ari Ferdinandsson f.h. stjórnar ÍBR, dags. 13. júlí 2021, Katrín Þóra Jónsdóttir dags. 15. júlí 2021, Ásta Lovísa Jónsdóttir dags. 15. júlí 2021, Sigurjón Geirsson Arnarson dags. 15. júlí 2021, Agnes Ársælsdóttir og Brynjar Jóhannesson stuðningsyfirlýsing dags. 15. júlí 2021, Lára Óskarsdóttir dags. 15. júlí 2021, Guðmundur Páll Ólafsson dags. 15. júlí 2021, Jón Ágúst Eiríksson dags. 15. júlí 2021, Elísabet Magnúsdóttir dags. 15. júlí 2021, Nína Björk Oddsdóttir dags. 15. júlí 2021, Kolbrún Ýr Sigurðardóttir dags. 15. júlí 2021, Jón Hafsteinn Jóhannsson dags. 15. júlí 2021, Unnur Lárusdóttir dags. 15. júlí 2021, Oddný Tracey Pétursdóttir dags. 15. júlí 2021, Benedikt Þór Jóhannsson dags. 15. júlí 2021, Sigurður Sigurðsson dags. 15. júlí 2021, Hildur Svavarsdóttir dags. 15. júlí 2021, María Hreinsdóttir og fjölskylda dags. 15. júlí 2021, Briet Ósk Guðrúnardóttir og Markús Hauksson dags. 15. júlí 2021, Þórir Helgason dags. 16. júlí 2021 og Sigrún Böðvarsdóttir dags. 16. júlí 2021, Sigurður Schram dags. 16. júlí 2021, Egill Héðinn Bragason dags. 16. júlí 2021, Íbúasamtök Laugardals dags. 16. júlí 2021, Ragnheiður Ármannsdóttir dags. 16. júlí 2021. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. september 2021.

*Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með 4 atkvæðum fulltrúa Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiða atkvæði gegn tillögunni.
Vísað til borgarráðs.*

*Fulltrúar Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:
Umrædd smáhýsi eru hluti af hugmyndafræði 'Húsnæði fyrst' á vegum Velferðarsviðs og hugsuð til að hjálpa fólki sem hefur verið í heimilisleysi og hefur miklar þjónustubarfir. Hafa ber í huga að þó þessi hús séu tímabundin í staðsetningu sinni þá eru þau heimili fólks, ekki dvalarheimili eða lokuð stofnun, og þurfa að vera nálægt þeirri þjónustu og*

Samfélagsinnviðum sem borgarbúar þurfa að nýta. Ekki er auðvelt ná sátt um staðsetningu þeirra í íbúðabyggð eða blandaðri byggð, og því þarf að leita á staði sem eru í námunda við sömu innviði á öðrum skipulagssvæðum. Hér er um að ræða opið svæði, en samkvæmt gildandi aðalskipulagi er heimild til að koma fyrir slíkum búsetuúrræðum á slíku svæði. Þó ber að hafa í huga að þau eru víkjandi og hafa ekki áhrif á langtímanotkunarmöguleika svæðisins. Fulltrúar meirihlutans telja að nálægð við útivistarsvæði, almenningsamgöngur og samfélagsinnviði muni hafa jákvæð áhrif á þau sem þar munu koma til með að búa og vona að hverfið taki vel á móti þeim.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:


Mikilvægt er að taka á vanda húsnæðislaus fólks með raunhæfum og góðum lausnum. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja áherslu á að Laugardalurinn fái að vera í friði fyrir íbúðaáformum, hvort sem um er að ræða smáhýsi eða stórhýsi. Áform um smáhýsi í Laugardal stangast á við þau sjónarmið sem hafa ríkt um að Laugardalurinn verði gríðastaður útivistar og íþróttar. Ekki á að heimila íbúabyggð með neinum hætti í Laugardalnum enda verður enn meiri þörf fyrir dalinn sem útivistar- og íþróttasvæði í framtíðinni en nú er.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins hefur ávallt stutt þetta úrræði enda þurfa allir að eiga þak yfir höfuð. Það er þó afar mikilvægt að vandað sé til þessa úrræðis með þeim hætti að eitt af húsunum á hverjum stað verði frátekið fyrir starfsmann sem verði alltaf á staðnum til að styðja við einstaklingana og vera til taks eftir þörfum. Því miður hefur gengið á ýmsu hjá meirihlutunum með þessari framkvæmd sem rýrt hefur traust á að þetta úrræði og sem þarf ekki að lýsa frekar hér. Það er miður því um er að ræða einstaklinga með fjölþættan vanda, sumir að eignast heimili eftir að hafa verið heimilislausir árum saman og þurfa bæði mikla þjónustu og stuðning. Þessum viðkvæma hópi er ekki bara hægt að fleygja út í borgina og þeim sagt að bjarga sér að mestu sjálfir. Á staðnum verður að vera umsjón og eftirlit 24 tíma á sólarhring, einstaklingur og fagteymi sem er tilbúið að stíga inn og aðstoða eftir þörfum og án biðar. Hér er mikilvægt að velferðarsvið bregðist ekki skyldum sínum ella er hætt á að þetta úrræði sem búið er að leggja mikið í mistakist.

Sólveig Sigurðardóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundabúnaði.


F.h. umhverfis- og skipulagssviðs




Glóey Helgudóttir Fimmsdóttir

Fylgiskjöl: uppdr. Trípólí arkitekta dags. 28. janúar 2020, innkomnar athugasemdir og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. september 2021.

BREYTING Á DEILISKIPULAGINU „LAUGARDALUR - AUSTURHLUTI“ VEGNA NÝRRAR LÓÐAR FYRIR SMÁHÝSI




GILDANDI DEILISKIPULAG 1:2000
samþykkt í borgarráði 13. janúar 2005.



DEILISKIPULAGSBREYTING 1:2000



SKÝRINGARUPPDRATTUR 1:1000
tillaga að fyrirkomulagi húsa



Úr Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

SKÝRINGAR:

- Mörk deiliskipulagsbreytingar
- - - Lóðarmörk nýrrar lóðar
- Byggingareitur
- Aðkoma akandi inn á lóð
- Smáhýsi
- Gróður
- Sorp
- Gönguleiðir

GREINARGERÐ

AFMÖRKUN DEILISKIPULAGSBREYTINGAR
Við deiliskipulagsbreytinguna verður til ný lóð. Hún er staðsett á opnu borgarlandi mitt á milli Suðurlandsbrautar og Engjavegar, að hluta til á og sunnan við núverandi malarbílaplan.

ADALSKIPULAG
Eitt af grunnmarkmiðum Aðalskipulags Reykjavíkur (AR 2010-2030) er húsnæði fyrir alla. Í kaflanum *Borg fyrir fólk* kemur fram: „Leitast verði við að tryggja fjölbreytt framboð húsgæða og búsetukosta fyrir alla félagsþópa.“

Reiturinn er á svæði sem er merktur Opin svæði-Borgargarðar (OP1). Eftirfarandi kemur fram um borgargarða: „Sett er fram stefna um alla skilgreinda borgargarða innan þéttbýlis. Um þá gilda einnig almennir skilmálar sem settir eru fram í kafla um skilgreiningu opinna svæða innan þéttbýlis.“

Opið svæði-Borgargarðar merkt OP1. *Laugardalur* er skilgreint: „Laugardalur er einn af mikilvægustu borgargarðunum innan þéttbýlis. Fjölbreytt íþrótta- og afþreyingaraðstaða einkennir svæðið sem byggt hefur upp á þó nokkrum tíma. Megin stefnan í skipulagi dalsins er að halda áfram með uppbyggingu sambærilegrar útivistar og afþreyingaraðstöðu sem nú er að finna á svæðinu.“

Þó reiturinn sé skv. Aðalskipulagi skilgreindur sem borgargarður, þá er hér um ræða svæði innan deiliskipulags sem ekki hefur neina skilgreinda notkun og er að mestu innan svæðis sem er merkt „Skipulagi frestað“. Auk þess er ekki um að ræða hefðbundna varanlega búsetu á lóðinni, heldur tímabundið úrræði á meðan svæðið hefur ekki fengið formlega skilgreiningu eða hlutverk.

DEILISKIPULAG

Í gildi er deiliskipulag *Laugardalur*, samþykkt í Borgarráði 7. maí 1991. Um er að ræða breytingu á síðast samþykktu deiliskipuagli fyrir svæðið *Laugardalur - Austurhluti*, samþykktu í Borgarráði 13. janúar 2005 og með auglýsingu um gildistöku breytingarinnar birta í B-deild Stjórnartíðinda 17. febrúar 2005. Í gildandi deiliskipulagi er svæðið annars vegar skilgreint sem gönguleið og hinsvegar svæði sem er ekki sérstaklega skilgreint, heldur er tekið fram að deiliskipulagi sé frestað þar (Svæði V). Svæðið er ekki á skilgreindri lóð.

NÚVERANDI STAÐA

Svæðið sem um ræðir er annars vegar malarbílaplan og hins vegar tún á borgarlandi sem er ekki í neinni formlegri notkun.

ALMENNIR SKILMÁLAR

Sjá nánar gildandi deiliskipulag *Laugardalur - Austurhluti*, samþykkt í Borgarráði 13. janúar 2005.

LÝSING DEILISKIPULAGSBREYTINGAR

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetu-úrræði fyrir skjólstæðinga sína. Áætlað er að koma fyrir allt að fimm smáhýsum á nýrri lóð. Ekki er gert ráð fyrir að búseta sé varanleg notkun á lóðinni.

SÉRSKILMÁLAR

Ný lóð verður til við deiliskipulagsbreytinguna. Stærð lóðar er 1850 m². Gert er ráð fyrir allt að fimm smáhýsum á lóðinni. Húsin eru allt að 35 m² að stærð en auk þess er heimilt að gera skyggni yfir inngöngum. Hámarkshæð húsa er 3,5m frá gólfkóta. Gólfkóti húsa verður í u.þ.b. sama plani og aðliggjandi umhverfi. Nýtingarhlutfall er 0,095.

Leitast skal við að staðsetja húsin með bili á milli þeirra, eða það sem hentar skjólstæðingum, svo hvert og eitt þeirra hafi möguleika á skjólsælu og og sólríku útisvæði. Sjá leiðbeinandi uppröðun á skýringaruppdraetti.

Sorpskýli verður sameiginlegt fyrir smáhýsi innan lóðar. Það skal vera aðgengilegt og snyrtilega frágengið.

Gera skal ráð fyrir trjám og gróðri við hönnun lóðarinnar. Frágangur verður snyrtilegur og hæfir íbúðarhúsnæði, með hellulögðum gangstígum og grasþökum. Æskilegt er að gróðursetja tré norðan megin við lóðina til að gefa skjól og mykja ásýnd.

Gera skal grein fyrir hljóðvist á svæðinu og tryggja með aðgerðum að hljóðstig verði innan marka sem hæfir íbúðarhúsnæði samkvæmt gildandi reglugerð. Ef hljóðstig fer yfir LAeq = 65 dB við húshliðar gildir hljóðvistarstaðallinn IST 45:2016 í stað viðmiðunarmarka reglugerðarinnar (sbr. reglugerð um hávaða nr. 724/2008, 1. mgr. 5. gr.).

Heimilt er að reisa hljóðvegg meðfram lóðarmörkum til að tryggja viðunandi hljóðvist ef þörf krefur.

Gert er ráð fyrir að lóð sé afmörkuð með girðingu eða gróðri.

Gerður er fyrirvari um kvaðir vegna lagna á lóðinni.

Aðgengi gangandi, hjólandi og akandi skal vera greitt inn á lóðina. Tengingar inn á lóðina skulu allar vera frá núverandi malarbílaplan sem er tengt Engjavegi.

Ekki er gert ráð fyrir bílastæðum á lóðinni en tryggja skal aðkomu sorphirðu- og neyðarbíla.

Gönguleiðum samkvæmt gildandi deiliskipulagi er hlíðrað lítillaga og fylgja lóðarmörkum nýju lóðarinnar.



LOFTMYND tekin 5/8/2019 (Borgarvefsjá) 1:1000

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

þann _____ 20__ og í

þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

Breyting á deiliskipulaginu „Laugardalur - Austurhluti“

vegna nýrrar lóðar fyrir smáhýsi.

Mkv: 1:1000 / 1:2000 / 1:20000

Útgáfa dags: 28.01.2020

Blaðastærð: A2

Teiknað: GV

Útgáfa 1

TRÍPÓLÍ ARKITEKTAR

Klapparstíg 16 | 101 Reykjavík | s: 692-9883 | www.tripoli.is | tripoli@tripoli.is

Andri G. L. Andrésson | Arkitekt ETH FAI | kt: 240182-3949 | andri@tripoli.is

Guðni Valberg | Arkitekt FAI | kt: 250880-5299 | gudni@tripoli.is

Jón Davíð Ásgeirsson | Arkitekt FAI | kt: 250280-5729 | jon@tripoli.is



GILDANDI DEILISKIPULAG YFIRLITSMYND 1:20000
samþykkt í borgarráði 13. janúar 2005.

Laugardalur – austurhluti


Tillaga að breytingu á deiliskipulagi vegna smáhýsa

Athugasemdir og svör

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulaginu "Laugardalur - austurhluti" vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstaðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að 5 smáhýsum á nýrri lóð, samkvæmt uppdr. Trípólí arkitekta dags. 28. janúar 2020.



AR 2010-2030



Auglýst tillaga: Upplýsingar dags. 28.1.2020

Tillagan var auglýst frá 4. júní 2021 til og með 16. júlí 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir:

1. Ingunn Anna Jónsdóttir dags. 4. júní 2021
2. Anna Heiða Gunnarsdóttir dags. 6. júní 2021
3. Margrét Jóhanna Jóhannsdóttir dags. 15. júní 2021
4. Friðjón Sigurðarson f.h. Reita fasteignafélags hf. dags. 5. júlí 2021
5. Frímánn Ari Ferdinandsson fh. ÍBR Ítrekun, dags. 13. júlí 2021
6. Katrín Þóra Jónsdóttir dags. 15. júlí. 2021
7. Ásta Lovísa Jónsdóttir dags. 15. júlí 2021
8. Sigurjón Geirsson Arnarson dags. 15. júlí 2021
9. Agnes Ársælsdóttir og Brynjar Jóhannesson stuðningsyfirlýsing dags. 15. júlí 2021
10. Lára Óskarsdóttir dags. 15. júlí 2021
11. Guðmundur Páll Ólafsson dags. 15. júlí 2021
12. Jón Ágúst Eiríksson dags. 15. júlí 2021
13. Elísabet Magnúsdóttir dags. 15. júlí 2021
14. Nína Björk Oddsdóttir dags. 15. júlí 2021
15. Kolbrún Ýr Sigurðardóttir dags. 15. júlí 2021
16. Jón Hafsteinn Jóhannsson dags. 15. júlí 2021
17. Unnur Lárusdóttir dags. 15. júlí 2021
18. Oddný Tracey Pétursdóttir dags. 15. júlí 2021
19. Benedikt Þór Jóhannsson dags. 15. júlí 2021



20. Sigurður Sigurðsson dags. 15. júlí 2021
21. Hildur Svavarsdóttir dags. 15. júlí 2021
22. María Hreinsdóttir og fjölskylda dags. 15. júlí 2021
23. Bríet Ósk Guðrúnardóttir og Markús Hauksson dags. 15. júlí 2021
24. Þórir Helgason dags. 16. júlí 2021
25. Sigrún Böðvarsdóttir dags. 16. júlí 2021
26. Sigurður Schram dags. 16. júlí 2021
27. Egill Héðinn Bragason dags. 16. júlí 2021
28. Íbúasamtök Laugardals dags. 16. júlí 2021
29. Ragnheiður Ármannsdóttir dags. 16. júlí 2021

Tillagan sem um ræðir var fyrst auglýst frá 4. mars 2020 til og með 29. apríl 2020, en frestur til að skila inn athugasemdum var framlengdur til 3. júní 2020. Skipulagsfulltrúi svaraði þeim athugasemdum sem bárust á auglýsingartíma og voru svör send út til bréfaritara.

Tillagan var endurauglýst í óbreyttri mynd frá 4. júní 2021 til og með 16. júlí 2021 vegna athugasemda Skipulagsstofnunar um formgalla.

Eftirfarandi er samantekt á þeim athugasemdum sem bárust við endurauglýsingu og svör skipulagsfulltrúa við þeim. Athugasemdunum hefur verið skipt í eftirfarandi flokka og verður svarað í þeirri röð sem hér segir:

1. Athugasemdir varðandi landnotkun: Laugardalur sem útivistarsvæði
2. Athugasemdir vegna búsetuúrræða velferðarsviðs, öryggis og tilvonandi íbúa
3. Aðrar athugasemdir

1. Landnotkun: Laugardalur sem útivistarsvæði

Fjöldi bréfaritara bendir á að svæðið sé útivistarsvæði og eigi að vera það áfram. Það sé löngu kominn tími á að skilgreina Laugardalinn sem eina skipulagsheild og skorað er á Reykjavíkurborg að setja sér heilstæða stefnu í þessum málum í samráði við íbúa, íþróttafélög og skóla á svæðinu. Laugardalurinn skuli eingöngu vera fyrir mannvirki sem nýtast borgarbúum hverfisins og höfuðborgarinnar í heild til íþróttaiðkunar og heilsuþóta og fyrir íþróttafélög í hverfinu.

Þótt tekið sé fram í tillögunni að *“ekki er gert ráð fyrir að búseta sé varanleg notkun á lóðinni”* sé ljóst að framkvæmdunum fylgi talsvert rask og að verið sé að gera varanlegar breytingar (svo sem frárennslis- og raflagnir). Verði smáhýsum komið fyrir á þessum stað óttast íbúar að komið sé fordæmi fyrir íbúðarbyggð í Laugardal og að innan 10 ára verði risin þar byggð.

Óviðeigandi sé að blanda málaflokkinum um búsetuúrræði heimilislausa inn í áralanga deilu um hvað eigi að gera við þennan reit. Verkefnið sem slíkt sé falleg hugsjón en umgjörðin illa unnin, og áformin lítið kynnt fyrir íbúum. Íbúar eigi að hafa rétt á að kjósa um breytingar á skipulagi í Laugardalnum.

Íbúasamtök Laugardals telja kynningu á deiliskipulagsbreytingu í austurhluta Laugardals, án opins samráðs, ekki vera í anda íbúalýðræðis og ítrekar ósk sína um opinn kynningarfund um málið fyrir íbúa. Vísað er til skilgreiningar aðalskipulags á *Opnum svæðum (OP)* og skilgreiningu Laugardals sérstaklega, en þar segir m.a.: *„Laugardalur er einn af mikilvægustu borgargörðunum innan þéttbýlis. Fjölbreytt íþrótt- og afþreyingaraðstaða einkennir svæðið sem byggst hefur upp á þónokkrum tíma. Meginstefnan í skipulagi dalsins er að halda áfram með uppbyggingu sambærilegrar útivistar og afþreyingaraðstöðu sem nú er að finna á svæðinu.“* Standa beri vörð um gildi Laugardals sem græns og mikilvægs útivistarsvæðis fyrir alla.

Þá sé útlitsmengun af núverandi malarbílastæðum og óskað eftir að þau verði fjarlægð.



Svar:

Tekið er undir mikilvægi Laugardals sem opið grænt útivistarsvæði í borginni, enda er hann skilgreindur sem borgargarður í aðalskipulagi. Einnig er tekið undir að tímabært sé að endurskoða skipulag Laugardals sem heild og marka skýra stefnu fyrir hann til framtíðar með áherslu á að efla Laugardal sem lykilsvæði fyrir íþróttastarf og annað þess háttar. Sú vinna er framundan og verður unnin í samráði við skóla, íþróttafélög, íbúa og aðra hagsmunaaðila á svæðinu.

Frá því að breytingartillagan var síðast auglýst hefur tekið gildi aðalskipulagsbreyting þar sem skerpt er á landnotkunarheimildum er varða staðsetningu sértækra búsetuúrræða í borginni. Markmiðið var að skapa aukinn sveigjanleika svo mögulegt sé að staðsetja ný úrræði á flestum landnotkunarsvæðum (svo sem miðsvæðum, hafnarsvæðum og opnum svæðum) eftir því se þörf krefur hverju sinni, með eins skjóttum hætti og kostur er. Nánari upplýsingar um aðalskipulagsbreytinguna er að finna á www.adalskipulag.is.

Eins og fram kemur í skilmálum deiliskipulagstillögunnar er ekki gert ráð fyrir að búseta sé varanleg notkun á nýrri lóð og eru smáhýsin víkjandi fyrir öðrum áformum. Skipulagsfulltrúi vill undirstrika að smáhýsin eru tímabundin lausn á brýnum húsnæðisvanda. Þau eru ekki fordæmisgefandi fyrir almenna íbúðarbyggð á deiliskipulagssvæðinu og hafa ekki áhrif á önnur áform á svæðinu eða heildarskipulag og stefnu fyrir Laugardal til framtíðar. Um er að ræða færanleg mannvirki þótt vissulega þurfi að fara í framkvæmdir vegna vatns, fráveitu og rafmagns.

Stjórn ÍL óskaði eftir að haldinn yrði opinn fundur um tillöguna fyrir íbúa Laugardals. Það var afstaða skipulagsfulltrúa að eðli og umfang tillögunnar gæfi ekki tilefni til að halda opinn íbúafund, enda um að ræða tímabundið fyrirkomulag á mjög afmörkuðu svæði. Skipulagsfulltrúi bauð þó fulltrúum ÍL að mæta á fund á Höfðatorgi í þeim tilgangi að heyra frekari sjónarmið íbúa, svara spurningum þeirra og upplýsa nánar um þau atriði tillögunnar sem höfðu þótt óljós. Fundur var haldinn þann 26. maí 2020. Viðstaddir voru fulltrúar Íbúasamtaka Laugardals, hér á meðal formaður, og fulltrúar umhverfis- og skipulagssviðs og velferðarsviðs. Skipulagsfulltrúi metur breytinguna enn sem svo að ekki sé tilefni til að halda opinn íbúafund um tillöguna.

Tilgangur auglýsingartímans er að kalla eftir athugasemdum frá hagsmunaaðilum og borgarbúum. Allir hafa því möguleika á að koma sínum sjónarmiðum og/eða frekari upplýsingum á framfæri í ferlinu. Unnið er úr athugasemdum áður en endanleg afstaða er tekin til breytingartillögunnar.

Tekið er undir að núverandi notkun og ásýnd svæðisins sem um ræðir, þ.e. malarvegur þar sem mörgum stórum bílum er lagt, sé óskemmtileg og eigi ekki heima á þessum stað. Þessi bílastæði eru ekki formlega fest í sessi/samþykkt og eðlilegt að þau víki.

2. Athugasemdir varðandi búsetuúrræði velferðarsviðs, öryggi og tilvonandi íbúa

Fjöldi bréfaritara lýsir yfir efasemdum um að blanda saman búsetu fólks sem á við fíknivanda að stríða og útivistar- og íþróttasvæði fyrir almenning. Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn sé einn helsti viðkomu staður barna í Reykjavík og ekki yrði hægt að tryggja öryggi barna og ungmenna sem fara um svæðið. Spurt er hvort ekki megi auka þjónustu við fólk með fíknivanda í borginni með öðrum hætti en að staðsetja það í óvörðum smáhýsum í Laugardal.

Stjórn ÍBR gerir athugasemd við tillöguna og telur hana ekki til þess fallna að bæta ímynd Laugardals, þótt tímabundin sé. Laugardalurinn skuli nýttur til íþróttastarfs og annarrar starfsemi sem þar er fyrir. Stjórnin hafi fullan skilning á því að finna þurfi húsunum stað og að það sé ekki einfalt verkefni. Ekki sé þó góð niðurstaða að staðsetja húsinn þar sem börn og ungmenni eiga mikið erindi. Hætta sé á því að þeim finnist návgið við tilvonandi íbúa óþægilegt og veigri sér jafnvel við að fara ein um dalinn.

Þá sé reynslan af öðrum búsetuúrræðum, m.a. við Fiskislóð á Granda og í Gufunesi, ekki góð.



Óskað er eftir frekari rökstuðningi fyrir þessari staðsetningu umfram aðrar í borginni. Bréfaritarar leggja m.a. til að koma smáhýsunum frekar fyrir í Skeifunni, við Laugarnesið, Borgartún 41, á lóð Suðurlandsbrautar 76 og á lóð Listaháskólans.

Svar:

Smáhýsin eru hluti af þjónustukeðju „Húsnæði fyrst“-hugmyndafræðinnar fyrir heimilislauða einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuþarfir (HMFÞ) hjá Reykjavíkurborg. Vettvangs- og Ráðgjafarteymi borgarinnar (VoR-teymið) er hluti af „Húsnæði fyrst“-þjónustu Reykjavíkurborgar og með það meginmarkmið að miðla aðgengi að þjónustu sem notandi þarf til að ná markmiðum/þörfum sínum. Þeir sem fá úthlutað í smáhýsi eru í virkri þjónustu VoR-teymisins, en það er eitt af skilyrðum þess að fá úthlutað smáhýsi.

Með „Húsnæði fyrst“ leiðinni er reynt að mæta óskum íbúa varðandi staðsetningu húsnæðis. Úthlutun í smáhýsi veitir íbúum tækifæri á því að lifa sínu lífi innan veggja heimilis síns. Með því að koma upp smáhýsum er verið að stuðla að öruggu húsnæði fyrir einstaklinga með fjölþættan vanda. Því fylgir að þeir hafa greiðari aðgang að þjónustu og stuðningi ásamt auðveldara aðgengi að skjólstæðingum fyrir starfsmenn málaflokksins. Grundvallarmunurinn felst í því að allan daginn hafa einstaklingar öruggt skjól í stað þess að hafa aðgang að neyðargistingu nótt eftir nótt.

Forstöðumaður verður yfir öllum smáhýsum og veitir íbúum viðeigandi stuðning ásamt starfsmönnum VoR-teymisins. Forstöðumaður gerir þjónustu- og búsetusamning við hvern og einn íbúa auk þess sem gerð verður einstaklingsbundin þjónustuáætlun við þá sem þess þurfa. Íbúar hafa félagsráðgjafa hjá Þjónustumiðstöð sem aðstoðar þá eftir bestu getu, auk þess sem þeir fá stuðning frá Vettvangs- og Ráðgjafarteymi borgarinnar. Eftir að einstaklingur fær úthlutað í smáhýsi skrifar hann undir þjónustusamning og meðfylgjandi húsreglur. Forstöðumaður mun tryggja hreinlæti og þrífnað við smáhýsin.

Búsetulausnin við Fiskislóð á Granda var sett upp árið 2008, þ.e. löngu áður en velferðarsvið þróaði þá umfangsmiklu þjónustu og þann stuðning sem nú er við íbúana. Það er nýlegt að smáhýsin við Fiskislóð heyrir undir VoR-teymið og því nýtt að íbúar þeirra séu í virkri þjónustu VoR-teymisins. VoR-teymið hefur lagt kapp á að ná meðferðarsambandi við þá sem þar búa og styðja þá í búsetu. Þjónustan við íbúa smáhýsanna verður þróuð og endurskoðuð eftir þörfum og aðstæðum.

Ekki er vitað um félagsleg tengsl tilvonandi íbúa smáhýsa. Eftir að einstaklingur fær úthlutað í smáhýsi skrifar hann undir þjónustusamning og meðfylgjandi húsreglur. Þar kemur meðal annars fram að gestir séu á ábyrgð íbúa svo ef til þess kemur að húsreglur verði brotnar ber forstöðumanni smáhýsa að veita íbúa áminningu. Út frá þessari áminningu er leitast við að auka stuðning / breyta stuðningi til að aðstoða íbúa við að fylgja settum húsreglum. Á dagvinnutíma starfa starfsmenn VoR-teymisins og eiga allir íbúar sinn tengilið þar. Komi til þess að íbúi þurfi stuðning við að setja gestum sínum mörk styðja tengiliðir þeirra við vinnslu þeirra mála ef íbúi óskar eftir. Ef óboðna gesti ber að garði sem virða ekki húsreglur (eða beiðni íbúa og stuðningur starfsfólks er fullreyndur) er kallað til aðstoðar frá lögreglu líkt og gert yrði í sambærilegum atvikum utan hins félagslega kerfis.

Leitast er við að staðsetja smáhýsi í nálægð við almenningssamgöngur og helstu nærþjónustu. Gott aðgengi þarf að vera fyrir losunarbíla og neyðarakstur og æskilegt er að húsin séu ekki í miðri skilgreindri íbúðarbyggð. Vandasamt hefur reynt að finna staðsetningar sem uppfylla mikilvægustu forsendur. Skipulagsfulltrúi hefur verið opinn fyrir tillögum að staðsetningum sem uppfylla flest skilyrðin og eru á borgarlandi. Tekið er fram að allir borgarhlutar eru – og hafa verið – til skoðunar.

3. Aðrar athugasemdir

Reitir fasteignafélag

Reitir fasteignafélag gerir alvarlegar athugasemdir við tillöguna í heild sinni. Hún sé til þess fallin að hafa veruleg og neikvæð áhrif á uppbyggingaráform Reita á lóð nr. 34 við Suðurlandsbraut (Orkureit). Ekkert samráð hafi farið fram og athugasemdum sem sendar voru inn við fyrri auglýsingu hafi ekki verið svarað. Neikvæð áhrif



séu ekki eingöngu fjárhagsleg heldur varði gæði íbúða, öruggar og barnvænar gönguleiðir og öruggt og aðlaðandi umhverfi. Smáhýsin myndu setja fyrirhugaða örugga göngutengingu yfir í Laugardalinn í uppnám og hafa áhrif á sölumöguleika íbúða á reitnum. Tillögunni fylgi engar nánari upplýsingar um hvaða skjólstaðingar munu búa í smáhýsunum og orðalag sé óljóst hvað tímamörk varðar. Breyting á gildandi deiliskipulagi bendi til þess að um varanlega lausn sé að ræða.

Reitir áskilja sér rétt til að endurskoða uppbyggingaráform sín á Orkureitnum ef tillagan nær fram að ganga. Borgin væri að vinna gegn eigin stefnu um þéttingu byggðar meðfram þróunarás með því að stuðla að því að Reitir falli frá áformum á Orkureit.

Jákvæð athugasemd

Skipulagsfulltrúa barst athugasemd frá íbúum hverfisins sem lýsa yfir stuðningi við smáhýsabyggð í Laugardalnum og aukin félagsleg úrræði í hverfinu.

Svar:

Svör skipulagsfulltrúa við athugasemdum sem bárust við fyrri auglýsingu voru send bréfariturum, m.a. Reitum fasteignafélagi hf.

Eins og fram hefur komið hér að framan er staðsetning smáhýsa í Laugardal tímabundin og víkjandi fyrir öðrum áformum. Breytingar á deiliskipulagsáætlunum eru í eðli sínu ekki tímabundnar, ekki frekar en útgefið byggingarleyfi. Það er þó ekki heimilt að setja upp hús eins og hér um ræðir án þess að hafa fyrir þau samþykktan byggingarreit í deiliskipulagi og byggingarleyfi.

Vegna persónuverndar verða nánari upplýsingar um tilvonandi íbúa ekki gefnar upp.

Telji eigandi fasteignarinnar að Reykjavíkurborg hafi með samþykkt skipulagsáætlunar valdið honum tjóni þá er vakin athygli á 51. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem er kveðið svo á um að valdi gildistaka skipulagsáætlana því að verðmæti fasteignar lækkar, nýtingarmöguleikar hennar skerðast frá því sem áður var heimilt eða að hún rýrnar svo að hún nýtist ekki til sömu nota og áður og á þá sá sem sýnt getur fram á að hann verði fyrir tjóni af þessum sökum rétt á bótum úr sveitarsjóði eða að sveitarsjóður leysi fasteignina til sín. Verðmæti fasteignarinnar verða að skerðast meira heldur en almennt gerist á skipulagssvæðinu. Kröfu um bætur skal beint að sveitafélaginu sem tekur afstöðu til kröfunnar þegar og ef hún berst.

Skipulagsfulltrúi þakkar fyrir allar athugasemdir.

Niðurstaða

Lagt er til að tillagan verði samþykkt óbreytt eins og hún er sett fram á uppdrætti Trípólí arkitekta, dags. 28.1.2020.

F.h. Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sólveig Sigurðardóttir
arkitekt / verkefnastjóri

USK Skipulag

Frá: Inga Jóns [REDACTED]
Sent: föstudagur, 4. júní 2021 18:46
Til: USK Skipulag
Efni: Athugasemd við byggingu í Laugardalnum

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flaggað

Góðan daginn,

Ég vill leggja fram athugasemd þar sem kemur fram að ég er algjörlega á móti byggingu smáhýsi í Laugardalnum.

Þetta svæði á ekki að byggja neitt á, þótt þetta heiti tímabundið úrræði þá liggur það í augum uppi að það þarf að byggja og grafa þarna fyrir þetta úrræði.

Þetta svæði er útivistarsvæði og á að vera það áfram.

Kv.

Ingunn Anna Jónsdóttir
[REDACTED]

Sent from my Galaxy

USK Skipulag

Frá: Anna Heiða Gunnarsdóttir [REDACTED]
Sent: sunnudagur, 6. júní 2021 13:48
Til: USK Skipulag
Efni: V/skipulagsbreytinga laugardalur austurhluti.

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Lokið

Góðan daginn.

Vegna fyrirhugaðra breytinga á deiliskipulagi Laugardals vil ég mótmæla harðlega þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á því svæði. Tel ég þau vera skipulagslegan harmleik fyrir þetta svæði. Á þessu tiltekna svæði ætti ekki að reisa neinskonar íbúðarhúsnæði heldur eingöngu mannvirki sem nýtast borgarbúum hverfisins og höfuðborgarinnar í heild til íþróttaiðkunar og heilsubóta og fyrir íþróttafélög í hverfinu. Nálægð byggðar af þessu tagi á þar að auki ekki að reisa í þetta mikilli nálægð við gríðarstórt barnahverfi og í þessari nálægð við annars blómlegt íþróttasvæði. Nú geng ég sjálf daglega til og frá vinnu um þetta svæði sem og börnin mín sem ég get af öryggi sent í gegnum Laugardalinn til íþróttaiðkunar. Ekki þarf að koma upp á mörg tilvik af áreitni gagnvart börnum og öðrum fullorðnum einstaklingum á þessari leið til að skemma það öryggi sem einstaklingar og foreldrar upplifa að Laugardalurinn veiti. Íbúar hverfisins hafa margir lagt fram góðar hugmyndir að öðrum svæðum sem gætu hentað betur fyrir þennan íbúakost eins og t.d. svæðið í og kringum Holtagarða og í raun allt svæðið norðan við Sæbraut ef frá er talin nýja Vogabyggðin þar.

Ef af verður er hætta á að stuðningur við þessa gerð búsetuúrræðis muni verða enginn. Sérstaklega ef farið er svona freklega gegn vilja fólksins á svæðinu.

Virðingarfyllst,
Anna Heiða Gunnarsdóttir,
Sjúkraþjálfari
Skipasund 72
104 Reykjavík.

USK Skipulag

Frá: Margret Johanna Johannsdottir [REDACTED]
Sent: þriðjudagur, 15. júní 2021 10:46
Til: USK Skipulag
Efni: Mótæli vegna breytingar deiliskipulags í austurhluta Laugardals

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Lokið

Hér með mótæli ég tillögu að breytingu á deiliskipulagi í austurhluta Laugardals, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs

Ég er á móti því að nýta Laugardalinn undir íbúabyggð, auk þess sem hin nýja tillaga brýtur gegn gildandi aðalskipulagi.

Bendi á að Blómavalslóðin er laus og er þegar samþykkt sem íbúabyggð.

kveðja

Margrét Jóhanna
Sæviðarsundi 49

Reykjavík, 5. júlí 2021

Athugasemdir við breytingu á deiliskipulagi Laugardals, “Laugardalur – austurhluti”

F.h. Reita fasteignafélags hf. (hér eftir “**Reitir**”) eru gerðar eftirfarandi athugasemdir við fyrirhugaða breytingu ofangreinds deiliskipulags, en Reitir er eigandi lóðarinnar að Suðurlandsbraut 34 og Ármúla 31, sem liggur að fyrirhuguðu skipulagi handan Suðurlandsbrautar.

Skrifað var undir samkomulag milli Reita og Reykjavíkurborgar um uppbyggingu á Orkureit í mars 2021 og er deiliskipulagið nú í auglýsingarferli. Rétt er að halda til haga að skv. samkomulaginu skal lóðarhafi greiða til Reykjavíkurborgar um 420 m.kr. fyrir byggingarrétt auk kvaða um uppbyggingu leiguíbúða og félagslegra íbúða fyrir Félagsbústaði. Er lóðarhafa því rétt að gera athugasemdir við áform um þróun nærumhverfis fyrirhugaðrar uppbyggingar og gera ríkar kröfur um að þar verði vandað til verka. Á Orkureit er fyrirhugað að rísi allt að 436 íbúðir auk atvinnuhúsnæðis. Af því tilefni gerir félagið eftirfarandi athugasemdir við auglýsta breytingu á deiliskipulagi fyrir austurhluta Laugardals.

1. Um auglýsingu deiliskipulagstillögu

Vegna formgalla á málsmeðferð er umrædd deiliskipulagstillaga nú auglýst að nýju. Undirritaður lagði fram athugasemdir í tengslum fyrri auglýsingu með bréfi dags. 8.4.2020 en þá var tillagan auglýst frá 4.3.2020 til 3.6.2020.

Í ljósi þess að fyrri athugasemdum var hvorki svarað né heldur var þeim sem lögðu fram athugasemdir gert viðvart um afdrif máls eða þá ákvörðun skipulagsyfirvalda um að auglýsa tillögunu að nýju, er litið svo á að allar athugasemdir, bæði Reita og annarra (um 70 talsins) við fyrri auglýsingu séu í fullu gildi og beri að taka tillit til við afgangi málsins.

Með endurauglýsingu tillögunnar skapast enda óvissa varðandi lögvarinn rétt íbúa og hagsmunaaðila til að gera athugasemdir við skipulagsáætlanir. Ekki er skýrt hvort athugasemdir við fyrri tillögu fyrnist og nýrra krafist í þeirra stað, en athygli er vakin á að sjálf tillagan breyttist ekkert í tengslum við endurauglýsingu og því má ætla að fram komnar athugasemdir séu að inntaki þær sömu og áður í meginatriðum.

Til áréttingar eru fyrri athugasemdir lagðar fram að nýju ef frá er talin athugasemd um ósamræmi við aðalskipulag sem skipulagsyfirvöld hafa ráðið bót á með sértækri aðalskipulagsbreytingu fyrr á árinu.

2. Almennt um áform Reykjavíkurborgar

Rétt er að vekja athygli á að ekkert samráð eða kynning hefur farið fram gagnvart íbúum, fasteignaeigendum eða rekstraraðilum á svæðinu er varðar það búsetuúrræði sem deiliskipulagstillagan vísar til, hvorki almennt séð né á viðkomandi stað. Fyrstu spurnir Reita af þessu verkefni er sú deiliskipulagsbreyting sem hér er til umfjöllunar.

Engar upplýsingar eru gefnar um það hvaða skjólstæðingum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar úrræðið er ætlað en vandi skjólstæðinga getur verið af afar mismunandi toga. Ef úrræðið er ætlað heimilislausum með geðraskanir, áfengis- og fíknivanda eða vandamál af öðrum toga sem getur haft neikvæð áhrif á umhverfið m.a. með tilliti til nálægðar við leik- og grunnskóla,

Íþróttamannvirki og almenn útisvæði þar sem mikil umferð barna er, er ljóst að það hentar illa á þessari staðsetningu.

3. Varanleg ráðstöfun eða skipulag til bráðabirgða?

Í deiliskipulagstillögunni kemur fram að ekki sé um að ræða varanlega búsetu sem er frekar óljóst orðalag. Það getur bæði þýtt að smáhýsin séu t.a.m. nýtt af mörgum, þ.e.a.s. ekki varanleg búseta tiltekins skjólstaðings, en einnig að búsetuúrræðið sem slíkt og skipulagið sem það byggir á, sé til bráðabirgða. Engin tímamörk eru þó sett í tengslum við auglýst skipulagsáform. Sú ráðstöfun að setja búsetuúrræðið í gegnum breytingu á deiliskipulagi bendir aftur á móti til að um varanlega ráðstöfun sé að ræða eða a.m.k. til langs tíma. Þá er í skipulagskilmálum gert ráð fyrir stofnun lóðar og ennfremur getið um trjágróður og hljóðveggi sem bendir frekar til að horft sé til nokkurra ára eða áratuga.

4. Neikvæð áhrif skipulagsbreytingar á uppbyggingu á Orkureit

Uppbyggingaráform á Orkureit gera ráð fyrir um 1.000 manna byggð þar sem gert er ráð fyrir öruggri göngutengingu yfir Suðurlandsbraut og í Laugardalinn, m.a. fyrir börn og ungmenni á leið í Langholtsskóla, íþróttaaðsstöðu og Fjölskyldu- og húsdýragarðinn svo dæmi séu tekin.

Ætla má að uppbygging smáhýsa og fyrirhuguð starfsemi á viðkomandi stað muni setja þá göngutengingu í uppnám og jafnframt hafa neikvæð áhrif á ímynd og solumöguleika íbúða. Þá eru ótalin möguleg félagsleg vandamál sem kunna að skapast á eða við fyrirhugaða uppbyggingu á Orkureit. Þó fer það eftir því fyrir hvers kyns skjólstaðinga Velferðarsviðs úrræðið er ætlað eins og áður sagði.

Verði deiliskipulagið samþykkt með tilheyrandi neikvæðum áhrifum, áskilur lóðarhafi sér rétt til að endurskoða uppbyggingaráform á Orkureitnum eða krefjast bóta/afsáttar í tengslum við ofangreint samkomulag.

Rétt er að minna á að stefna borgaryfirvalda í skipulagsmálum er sú að þetta byggð meðfram svokölluðum þróunarás og fyrirhugaðri legu borgarlínu. Að mati Reita væri borgin með umræddri skipulagsákvörðun að vinna gegn þeirri stefnu, verði niðurstaðan á þá leið að lóðarhafi hætti við uppbyggingaráform sín og haldi áfram fasteignarekstri núverandi bygginga á lóðinni eins og verið hefur.

Undirritaður gerir alvarlegar athugasemdir við deiliskipulagstillöguna í heild sinni, sem er til þess fallin að hafa veruleg og neikvæð áhrif á uppbyggingaráform Reita á lóðinni Suðurlandsbraut 34.

Virðingarfyllst,
f.h. Reita fasteignafélags hf.

Friðjón Sigurðarson
framkvæmdastjóri þróunarsviðs



ÍÞRÓTTABANDALAG
REYKJAVÍKUR

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar

Reykjavík 2. apríl 2020

Efni: Laugardalur – Austurhluti

Íþróttabandalag Reykjavíkur gerir athugasemdir við tillögu að breytingu á deiliskipulagi sem kölluð er „Laugardalur – Austurhluti“ og er til kynningar á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

Það er skoðun stjórnar ÍBR að Laugardalurinn skuli nýttur til íþróttastarfs og annarrar starfsemi sem þar er fyrir. Fyrirhuguð breyting á deiliskipulagi, þó víkjandi sé, er að mati stjórnarinnar ekki til þess fallin að bæta ímynd Laugardalsins sem útivistarsvæði fyrir íbúa borgarinnar. Fjölskyldur, börn og ungmenni sækja sérstaklega í dalinn til útiveru og til að nýta þá fjölbreyttu þjónustu sem dalurinn hefur upp á að bjóða. Það er hætt við að mörgum af yngri kynslóðinni muni finnast óþægilegt návígið við tilvonandi íbúa þessa svæðis og muni jafnvel veigra sér við að vera ein á ferð um dalinn.

Stjórn ÍBR hefur fullan skilning á því að finna þurfi heppilega staðsetningu fyrir smáhýsi sem þessi og að það sé mögulega ekki einfalt verkefni að leysa en að koma þeim fyrir á svæði þar sem börn og ungmenni eiga mikið erindi á er að mati stjórnar ÍBR ekki góð niðurstaða.

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnar ÍBR

Frímanna Ari Ferdinandsson

Framkvæmdastjóri

USK Skipulag

Frá: katriñ jonsdottir [REDACTED]
Sent: 15. júlí 2021 09:17
Til: USK Skipulag
Efni: Athugasemd vegna breytinga á deiliskipulagi í Reykjavík Laugardalur – austurhluti

Undirrituð vill koma á framfæri athugasemdum við fyrirhugaða breytingu á deiliskipulagi í Laugardal sem auglýst var 04.06.2021 vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi fyrir Velferðarsvið Reykjavíkurborgar á "svæði V"

Í fyrsta lagi vil ég byrja á því að benda á hversu virkilega óviðeigandi það sé að blanda málaflokkinum um búsetuúrræði heimilislöusa inn í áralanga deilu um hvað eigi að gera við þennan reit.

Að mínu mati ætti að vísa þessu alfarið frá að svo stöddu þar sem skoðanir fólks varðandi þennan málaflokk eru mjög mismunandi og það glatar sjónarmiðum af því hvaða uppbygging eigi að vera á þessu svæði

Verkefnið sem slíkt er falleg hugsjón en umgjörðin illa unnin eins og hefur þegar komið í ljós og engin kynning hefur verið á verkefninu fyrir íbúa eins og óskað var eftir, nema léleg kynning frá Vor teyminu þar sem glögglega kom í ljós vankantar og skort á utanumhaldi á þessu verkefni

Íbúaráð tók að sér að afla upplýsinga vegna spurninga sem ekki var hægt að svara en rúmlega ari síðar hafa enn ekki komið til baka með svör

Í öðru lagi þá óska ég eftir að endurskoðað verði aðal- og deiliskipulag í heild sinni þegar kemur að Laugardalnum og að þetta svæði verði fært undir Laugardalinn, en ítrekað kemur upp í umræðum að þetta svæði tilheyri ekki Laugardalnum.

Mikil þörf er á varanlegri stefnumörkun um hvaða starfssemi eigi að vera á þessu svæði og skora ég á Reykjavíkurborg að setja sér heilstæða stefnu í þessum málum í samráði við íbúa, íþróttafélög og skóla á svæðinu, sem er sorglegt að sjá að það hefur ekki verið gert í öll þessi ár.

Laugardalurinn á að vera fjölskylduvænt útivistar- og íþróttarsvæði og verulega er farið að ganga á þau svæði sem almenningur getur nýtt sér að kostnaðarlausu eða án kvaða.

Vísa ég til fundargerðar Skipulags- og umferðarnefnd, 16. fundar síðan 1999, mál 511.99 þar sem fram kom til bókunar

"Við höfnum algjörlega hinu nýja deiliskipulagi Laugardalsins og hörmum að framlagt deiliskipulag er hvorki í takt við tímann né endurspeglar neina jákvæða framsýn. Skipulag tveggja stórra lóða undir risavaxnar byggingar í dalnum er umhverfis- og skipulagsslys sem ekki verður hægt að leiðrétta síðar. Við teljum að Laugardalurinn eigi að byggjast upp með útivist og íþróttir að leiðarljósi auk þeirrar fjölbreytilegu fjölskylduskemmtunar sem felst í Grasagarðinum, Húsdýragarðinum og Fjölskyldugarðinum. Talsvert er farið að þrengja að

möguleikum á áframhaldandi uppbyggingu í dalnum og því enn brýnna að vanda alla skipulagsvinnu og fara varlega með það land sem enn er óráðstafað. Vinsældir Laugardalsins hafa aukist með ári hverju og ætti það að vera skipulagsyfirvöldum hvatning til þess að fylgja eftir farsælli mannlífsþróun og auðga þannig dalinn með hagsmuni allra Reykvíkinga að leiðarljósi."

Í þriðja lagi þá vil ég minna á að sú hugmynd að Laugardalurinn verði skilgreindur sem almenningsgarður á sér rætur að rekja allt til 1865 þegar Sigurður Guðmundsson málari (1833-1874) kom fyrstur manna, svo vitað sé, með hugmyndir um uppbyggingu almenningsgarðs í Laugardal. Þar væri jarðhiti til þess að rækta tré og skrautblóm og þar gætu bæjarbúar hvílt sig í laufguðum lundi eða gengið sér til skemmtunar innan um blómskrúð og annan gróður.

Eða eins og Sigurður lýsti því sjálfur: "Þar sem framtíðaræska Reykjavíkur myndi ganga eftir stígum um skógarrjóður og blómabreiður og þar sem svala mætti þorsta eftir fegurð og lífsgleði." Þessi hugmynd Sigurðar er tímalaus, annað en þær fyrirhugaðar framkvæmdir sem hafnað hefur verið af borgarbúum í gegnum árin, eins og 14.000 fm Landsímahúsi, Ökutækjasafni Fornbílaklúbbsins, Víkingaraldargarðinum, tónlistarhúsi, atvinnuhúsnæði meðfram Suðurlandsbrautinni og svona mætti lengi áfram telja. Hefðu eitthvað af þessum byggingum risið á sínum tíma hefðu þær núna verið orðnar barn síns tíma og eyðileggingin á Laugardalnum óafturkræf. Síðast voru 35.000 Reykvíkingar sem mótmæltu fyrirhuguðum framkvæmdum og það var á tímum áður en hægt var að afla rafrænna undirskrifa.

Í fjórða lagi vil ég benda á þá útlitsmengun sem malarbílastæðin eru á þessu svæði og óska eftir því að þau verði fjarlægð og svæðinu komið aftur í upprunalegt horf.

Að lokum vil ég koma fram andmælum mínum við fyrirhugað deiliskipulag sem auglýst var 4.júní 2021 á þeim forsendum að verði þetta framkvæmt og lagðar m.a. raflagnir, frárennsli og vegir, þá eru þetta varanlegar byggingarframkvæmdir sem stangast á við það sem auglýst er í deiliskipulaginu að "ekki er gert ráð fyrir að búseta sé varanleg notkun á lóðinni"

Þó að verkefnið sé skilgreint sem tímabundið, þá er það eina sem verði tímabundið eru þeir aðilar sem eru að koma að verkefninu, kjörnir fulltrúar og starfsmenn

Óska ég eftir að "Svæði V" verði skilgreint sem hluti af Laugardalnum og að uppbygging svæðisins verði í takt við þá stefnumörkun sem gerð verður fyrir Laugardalinn í heild sinni.

Undirrituð

Katrín Þóra Jónsdóttir



Langholtsvegur 162

104 Reykjavík

USK Skipulag

Frá: Asta Lovísa Jónsdóttir [REDACTED]
Sent: 15. júlí 2021 09:39
Til: USK Skipulag
Efni: Smáhýsií Laugardal

Sæl/l

Ég er íbúi við Laugardalinn og er mjög ósátt við byggingu smáhýsa í Laugardalnum. Sjálf ólst ég upp í félagslegu húsnæði í blokkunum við Kleppsveg 62 til 74 og hef því mjög mikla reynslu á umgengni við fólk í neyslu og með geðajúkdóma þótt fjölskyldan mín hafi aldrei verið í slíku. Það er því staðreynd að jaðarsettir hópar eins og hýsin eru ætluð fyrir eru ekki viðeigandi á svæði eins og í Laugardalnum. Þar um fara hundruðir barna daglega á æfingar og í tómsundur og veit ég það fyrir víst og af eigin reynslu af því að alast upp í félagslegri blokk að fólk í neyslu ER EKKI TREYSTANDI.

Ekki setja hýsin þar sem öryggi barna er ógnað. Ég tala ekki af fordómum því fordómar byggja á þekkingarleysi og þekkingu og reynslu af þessum hópi skortir mig ekki.

Með von um að tillit verði tekið til skoðana íbúa á svæðinu Ásta Lovísa Jónsdóttir

USK Skipulag

Frá: Sigurjón Arnarson [REDACTED]
Sent: 15. júlí 2021 10:05
Til: USK Skipulag
Efni: Smáhýsi í Laugardal

Sæl/l

Ég er íbúi við Laugardalinn og er ósáttur við fyrirhugaða staðsetningu smáhýsa í Laugardalnum. Við þurfum ekki að leita langt yfir skammt til að sjá ástand smáhýsa á umhverfið til dæmis úti á Granda. Um Laugardalinn fara mörg hundruð börn daglega eins sýns liðs alveg fram á kvöld eftir íþróttæfingar svo dæmi sé nefnt.

Að mínu mati er ekki hægt að tryggja öryggi þessara barna og ungmenna gagnvart fólki sem er í fíkniefnaneyslu og jaðarsetta hópa þar sem fólk í þessum sporum getur verið mjög óstapílt. Því mótmæli ég þessum byggingum

Sigurjón Geirsson Arnarson
[REDACTED]

USK Skipulag

Frá: Agnes Ársælsdóttir [REDACTED]
Sent: 15. júlí 2021 10:14
Til: USK Skipulag
Efni: Stuðningur við smáhýsa byggð í Laugardalnum

Góðan dag,

Við viljum lýsa yfir stuðningi við smáhýsa byggð í Laugardalnum og aukin félagsleg úrræði í hverfinu okkar 104.

Bestu kveðjur,
Agnes Ársælsdóttir og Brynjar Jóhannesson
Langholtsvegi 140

USK Skipulag

Frá: Lára Óskarsdóttir [REDACTED]
Sent: 15. júlí 2021 11:34
Til: USK Skipulag
Efni: Smáhýsi Laugardal

Góðan daginn, Laugardalinn skal eingöngu byggja upp sem íþrótt og útivistarsvæði. Engar íbúðabyggingar ekki fyrir neinn. Ekki ríka né fátæka.

Bkv Lára

USK Skipulag

Frá: Guðmundur Páll [REDACTED]
Sent: 15. júlí 2021 11:48
Til: USK Skipulag
Efni: Athugasemd varðandi fyrirhugaðar smáhýsabyggð í Laugardal

Daginn

Ég vil mótmæla fyrirhugaðri smáhýsabyggð í Laugardal.

Ég á þrjú börn sem gengið hafa í gegnum dalinn nokkuð örugg hingað til þrátt fyrir lélega lýsingu í dalnum á köflum svo það er galið að setja hýsi með fólki í allskonar slæmu ástandi í dalinn.

Skapar gríðarlegt óöryggi fyrir börnin og okkur foreldra.

Bkv.

Guðmundur Páll Ólafsson

[REDACTED]
[REDACTED]
[REDACTED]
[REDACTED]

USK Skipulag

Frá: Jón Múr [REDACTED]
Sent: 15. júlí 2021 12:59
Til: USK Skipulag
Efni: Athugasemd við byggingu í Laugardalnum

Sæl/l

Ég vill endurtaka athugasemdina sem ég hef þegar sent inn.

Ég er á móti að nýta Laugardalinn undir íbúðabygging. Þetta svæði á að vera til íþróttar og útivistar fyrir alla Reykvíkinga.

Mér finnst slæmt að nota veikasta hóp borgarinnar til að koma byggingum í gang á þessum stað. Það gefur augaleið að þrátt fyrir að þessar byggingar sem eiga að koma þarna séu sagðar tímabundnar þá þarf töluvert rask á þessu svæði til að koma þeim niður - grafa vatn/rafmagn/skolp.

Lágmarks kurteisi Reykjavíkurborgar væri að halda íbúðarfund með nærliggjandi hverfum og kynna verkefnið og taka á móti - og svara athugasemdum.

Jón Ágúst Eiríksson

[REDACTED]
Laugateigur 48
105 Rvk

USK Skipulag

Frá: Elisabet Magnúsdóttir [REDACTED]
Sent: 15. júlí 2021 13:06
Til: USK Skipulag
Efni: Athugasemnd vegna bygginga smáhýsa í Laugardal

Sæl/!

Hér með mótmæli ég tillögu að byggingu smáhýsa við austurhluta Laugardals.

Ég er á móti að nýta Laugardalinn undir íbúarbyggð (þótt tímabundið sé sagt).

Ef þörf er á að nýta þetta svæði vill ég sjá það sem uppbyggingu fyrir íþróttar eða útivistar starfsemi fyrir alla Reykvíkinga.

Þetta svæði er notað og gengið í gegnum af fjölda barna í hverfinu.

Vil að kynning fyrir íbúa í laugarnes - og langholtshverfi verði haldin og verði vel auglýst.

Einnig að spurningum sem íbúar muni hafa, verði svarað, en það hefur verið skortur á því hingað til.

Þetta kemur okkur nefnilega við!

Kveðja,

Elísabet Magnúsdóttir

[REDACTED]
Laugateigur 48
105 Rvk

USK Skipulag

Frá: Nína Björk Oddsdóttir [REDACTED]
Sent: 15. júlí 2021 13:50
Til: USK Skipulag
Efni: Laugardalur - austurhluti, breyting á deiliskipulagi

Góðan dag,

Varðandi breytingu á deiliskipulagi austurhluta Laugardals.

Laugardalurinn skal vera ósnertur íbúðarbyggðar og á frekar að halda honum sem grænt svæði í borginni sem íþróttar- og útivistarsvæði.

Ég hef búið í hverfinu nánast alla mína ævi, 39 ár, og hef séð Laugardalinn byggjast upp og var mikið þar sem barn á leik. Þetta er paradís í borg, íþróttamannvirki, gróðrarræktun og fjölskyldugarður. Þetta er útivistarsvæði sem margir fara um á hverjum degi til að njóta kyrrðar, fegurðar og útiveru (eins og við segjum, það er alltaf logn í Laugardalnum). Einnig fara börn og ungmenni í hverfinu mikið um dalinn til þess að sækja sínar íþróttaræfingar og leik og finnst mér ekki æskilegt að það sé verið að setja niður íbúðir eða smáhýsi þar, það eru fullt af öðrum stöðum í borginni sem hægt er að byggja íbúðir á, en ekki Laugardalurinn.

Langar að benda á eitt að það er eitt íbúðarhús þarna og börn eru nógu hrædd við þann íbúa sem hefur oft komið út til þess að garga á börn og ungmenni og hóta þeim. Þau eru bara á æfingavellinum sem er þar rétt hjá.

Ég mótmæli allri íbúðarbyggð í Laugardalnum og vil frekar sjá hann vera kláraðan í uppbyggingu sem íþróttar- og útivistarsvæðis. Íbúar eiga að hafa þann rétt á að kjósa um breytingar á skipulagi í Laugardalnum.

Með þökk,

Nína Björk Oddsdóttir

[REDACTED]

[REDACTED]

USK Skipulag

Frá: Kolbrún Sigurðardóttir [REDACTED]
Sent: 15. júlí 2021 14:05
Til: USK Skipulag
Efni: Smáhýsi í Laugardal

Góðan dag,

Ég vil koma mínu atkvæði til skila um fyrirhugaðrar íbúabyggingar á smáhýsum í Laugardalnum. Þetta er og hefur alltaf verið grænt svæði og ég og maðurinn minn erum mjög á móti því að þarna verði íbúðarbyggð, smáhýsi sem og aðrar íbúðabyggingar.

Það ætti að skilgreina þetta svæði sem grænt útivistar og íþróttasvæði.

Kveðja,

Kolbrún Ýr Sigurðardóttir
Langholtsvegur 83.

USK Skipulag

Frá: Jón Hafsteinn Jóhannsson [REDACTED]
Sent: 15. júlí 2021 14:26
Til: USK Skipulag
Efni: Ábendingar og athugasemdir við við tillögu að BREYTINGU Á DEILISKIPULAGINU „LAUGARDALUR - AUSTURHLUTI“ VEGNA NÝRRAR LÓÐAR FYRIR SMÁHÝSI

Mikilvægi: Mikil

Góðan dag

Bréf þetta er ritað til þess að andmæla tillögu að breytingu á deiliskipulagi „Laugardalur – austurhluti“ vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi. En skila má ábendingum og athugasemdum um hana til skipulagsfulltrúa eigi síðar en 16. júlí 2021.

Ég styð ekki tillögu að nýju deiliskipulagi, heldur vona ég að svæðið verði skipulagt í anda núverandi skilgreiningar Laugardalsins sem útivistarsvæðis.

Mér finnst svo löngu vera kominn tími á að skilgreina Laugardalinn sem eina skipulagsheild og ná þannig utan um nýtingu og uppbyggingu í Dalnum með heilðrænum hætti.

Sem foreldri tveggja barna í austur hluta Laugardals, sem bæði stunda íþróttir með Ármann og Þrótti í mannvirkjum við Engjaveg og fara því daglega í návist þessa fyrirhugaðar lóðar, verð ég að leggjast gegn þessari breytingu þar sem reynsla mín af þessu búsetuúrræði á ekki heima í návist barna.

Ég og mín fjölskylda höfum nýtt okkur þetta svæði til að fljúga flugdrekkum, til að slá golfkúlum ásamt fjölmörgum öðrum einstaklingum og fjölskyldum. Í dag er svo svæðið nýtt sem hoppukastalabraut og hafa börnin mín sótt það oftast en þrisvar sinnum þær vikur sem þetta hefur verið í gangi, frábært framtak og algjörlega í anda svæðisins eins og þar er skipulagt í dag. Þetta svæði er skipulagt sem opið grænt svæði og á að stuðla að útivist of hreyfingu fyrir alla bæði fjölskyldum eins og okkar, sem og fólk sem þarf á búsetuúrræðum að halda, en það á ekki að eyðinleggja svæðið með byggingum sem takmarka þetta frelsi sem ríkir um svæðið í dag.

Að auki vil ég segja frá því að Langholtsskóli tók síðasta vetur upp "Míluna" þá fara allir nemendur skólans í göngu/hlaup þá daga sem þeir eru ekki í íþróttum "míluna". Á leið þeirra er farið framhjá þessari fyrirhugaðri lóð og myndi ég ekki vilja senda krakkana þarna framhjá, heyrandi hvernig reynslan af þessum húsum er í Grafarvogi, þekki reyndan lögreglu mann hér í borg sem segir þetta bara kalla á vandræði.

Öll Íþróttafélögin öll í hverfinu eru með hlaupaleiðir um svæðið sem og öll önnur félög sem æfa í Frjálsíþróttahöllinni eru einnig að nýta sér þetta svæði og myndu öll þurfa að hætta að beina iðkendum sínum nærri þessu svæði, einnig hefur verið boðið uppá hafnaboltaæfingar á þessu svæði fyrir börn og ekki mun það vera gert í návist þessara íbúa.

Að lokum þá furða ég mig síst á því, hvernig fólki dettur í hug að koma þessu niður á sama stað og einn helsti viðkomu staður barna er í Reykjavík, Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn.

Svo ekki sé minnst á að lengi hafa verið áætlanir um að stækka garðinn yfir á þetta svæði og hugmyndir uppi um að færa innganginn á lóð við hliðinn á þessari fyrirhuguðu lóð með smáhýsum. Ég bara sé ekki hvernig það á að ganga upp og hvet ykkur endregið til að falla frá þessu!!!

Að mínu viti væri nær að koma þessum húsum upp inn í Skeifu, við Laugarnesið, Borgartún 41 eða á lóð Suðurlandsbrautar 76.

Kv.

Jón Hafsteinn Jóhannsson [REDACTED]

Ljósheimum 12, 104 Reykjavík

[REDACTED]

[REDACTED]

USK Skipulag

Frá: Unnur Björk Lárusdóttir [REDACTED]
Sent: 15. júlí 2021 14:47
Til: USK Skipulag
Efni: Vegna smáhýsabyggðar - Laugardalur austurhluti - athugasemdir til 16.07.2021

Hef vissar efasemdir um skynsemi þess að blanda saman búsetu fólks sem á við fíknivanda að stríða og útvistar- og íþróttasvæði fyrir almenning. Börn fara þarna um, og almenningur vill vera sæmilega öruggur á göngu og hlaupum um dalinn.

Fólki sem á við fíknivanca að stríða fylgir gjarnan aukinn stuldur á reiðhjólum, en faraldur hefur geysað á því sviði í Reykjavíkurborg að undanfögnu og virðist sem yfirvöld hafi fá ráð gegn.

Spurning hvort það megi ekki auka þjónustu við fólk með fíknivanda í borginni með öðrum hætti en að staðsetja það í óvörðum smáhýsum í Laugardal.

Unnur Lárusdóttir. [REDACTED]

USK Skipulag

Frá: Oddný Tracey [REDACTED]
Sent: 15. júlí 2021 14:58
Til: USK Skipulag
Efni: Smáhýsi í Laugardal

Góðan dag

Ég er íbúi í Laugardal og búin að vera það í 18 ár. Mér finnst ekki eigi að vera að setja smáhýsi á grænt svæði í Laugardal. Þetta á að vera útivistarsvæði fyrir börn og fjölskyldur hverfisins og annara. Þarna ætti að byggja upp leikvöll eða eitthvað annað sem tengist útivist. Undan fari 5 ár ca er þetta búíð að vera ruslahaugur borgarinnar, sennilega til að réttlæta það að setja þessi smáhýsi upp. Ef þessi framkvæmd á að fara fram ætti að vera rafræn kosning um það hér í Reykjavík ekki bara í þessu hverfi því það eru margir sem ekki búa í hverfinu sem nýta sér þetta svæði. Það eru mikil mistök að setja þessi hús þarna sem verða ekki afturkræfar því ef þetta er keyrt í gegn þá er komið fordæmi og innan 10 ára verður komin þarna byggð.

ÉG MÓTMÆLI ÞESSARI FRAMKVÆMD OG KREFST KOSNINGAR UM MÁLIÐ

Virðingafyllst. Oddný Tracey Pétursdóttir.

USK Skipulag

Frá: Benedikt Jóhannsson [REDACTED]
Sent: 15. júlí 2021 15:07
Til: USK Skipulag
Efni: Ábendingar og athugasemdir við við tillögu að BREYTINGU Á DEILISKIPULAGINU „LAUGARDALUR - AUSTURHLUTI“ VEGNA NÝRRAR LÓÐAR FYRIR SMÁHÝSI

Góðan dag

Bréf þetta er ritað til þess að andmæla tillögu að breytingu á deiliskipulagi „Laugardalur – austurhluti“ vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi. En skila má ábendingum og athugasemdum um hana til skipulagsfulltrúa eigi síðar en 16. júlí 2021.

Ég styð ekki tillögu að nýju deiliskipulagi, heldur vona ég að svæðið verði skipulagt í anda núverandi skilgreiningar Laugardalsins sem útvistarsvæðis.

Mér finnst svo löngu vera kominn tími á að skilgreina Laugardalinn sem eina skipulagsheild og ná þannig utan um nýtingu og uppbyggingu í Dalnum með heildrænum hætti.

Svona húsnæði eru auðvitað af hinu góða og ég styð þau fullkomnlega, enda nauðsyn fyrir alla að eiga heimili. Ég styð hinsvegar ekki staðsetninguna, að mínu viti væri nær að koma þessum húsum upp inn í Skeifu, við Laugarnesið, Borgartún 41 eða á lóð Suðurlandsbrautar 76.

Bestu kveðjur,
Benedikt Þór Jóhannsson [REDACTED]
Gnoðarvogur 26, 104 Reykjavík
[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]



USK Skipulag

Frá: Sigurdur Sigurdsson [REDACTED]
Sent: 15. júlí 2021 17:39
Til: USK Skipulag
Efni: Smáhýsi í laugardal

Ég mótmæli þessum húsum vegna að ég og fleyrri erum þarna með börnum sem útvistarsvæði og yrði ekki gaman að hafa þarna hýsi til að minka útvistarsvæði og vona að það finnist betra svæði srm EKKI er notað sem útvistarsvæði
Siggi

USK Skipulag

Frá: Hildur Svavarsdóttir [REDACTED]
Sent: 15. júlí 2021 18:05
Til: USK Skipulag
Efni: Athugasemd íbúa í 104 Rvk

Athugasemd vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir austurhluta Laugardals vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi.

Ég er alfarið á móti því að svæðið verði notað undir íbúðarhús sama hverju nafni þau nefnast (smáhýsi eða eitthvað annað). Ég tel mikilvægt að standa vörð um grænt svæði í og við Laugardalinn bæði vegna umhverfissjónarmiða og heilsu almennings og nýta því svæðið frekar sem grænt útivistarsvæði fyrir alla íbúa borgarinnar.

Með kveðju,
Hildur Svavarsdóttir
Íbúi í 104 Rvk

Sent from my iPhone

USK Skipulag

Frá: María Hreinsdóttir [REDACTED]
Sent: 15. júlí 2021 19:00
Til: USK Skipulag
Efni: Vegna tillögu að breytingu á deiluskipulagi í Laugardal - austurhluta

Góðan daginn

Ég vil koma hér á framfæri athugasemdam vegna fyrirhugaðrar íbúabygðar/ smáhýsa í Laugardalnum.

Ég sem íbúi í næsta nágrenni Laugardalsins er á móti að þessari byggð verði komið þar fyrir, hún á alls ekki heima þarna.

Að mínu mati er Laugardalnum best varið sem grænt svæði með áherslu á útivist og íþróttaiðkanir að ógleymdum Fjölskyldugarðinum.

Laugardalurinn er mikið notaður fyrir alls kyns hreyfingu eins og göngu, hlaup og hjólréiðar, jafnvel golfæfingar. Og að vetri notaður til skíðagöngu þegar hægt er.

Vinahópar og fjölskyldur nota dalinn til að hittast og eiga góðar samverustundir.

Þarna er á degi hverjum mikil umferð skólabarna og unglunga sem sækja alls kyns íþróttaiðkanir í dalnum.

Þetta er svæði sem þarf að passa vel upp á til að það geti verið áfram sú paradís sem Laugardalurinn er og hefur alltaf verið.

Ég vona að þetta séu fullnægjandi rök.

Með vinsemd og virðing

María Hreinsdóttir og fjölskylda
Álfheimum 58

USK Skipulag

Frá: Bríet Ósk Guðrúnardóttir [REDACTED]
Sent: 15. júlí 2021 21:34
Til: USK Skipulag
Efni: Fyrirhuguð smáhýsi í Laugardal

Góðan dag. Mig langar að koma skoðun okkar hjóna á fyrirhuguðum smáhýsum í Laugardalnum til skila.

Við erum alfarið á móti því að þessum smáhýsum verði komið fyrir í Laugardalnum. Tvær ástæður ráða þessari skoðun. Hins vegar fer fjöldinn allur af börnum þessa leið daglega í frístundar og íþróttarstarf.

Einnig ætti þetta svæði að vera laust við alla byggð. Um keu ig smáhýsin koma þarna að þá eru komnar forsendur eða fyrir mynd þess að meira verði byggt og þar með er gengið á grænu svæði. Við viljum heildarskipulag fyrir allt þetta svæði sem hluta af Laugardalnum, sem grænt útivistarsvæði og ekki sem byggð.

Virðingarfyllst,

Bríet Ósk Guðrúnardóttir og Markús Hauksson

Íbúar við Sólheima og foreldrar barna sem sækja frístundar og íþróttastarf í Þrótt

USK Skipulag

Frá: classic detail [REDACTED]
Sent: 16. júlí 2021 08:12
Til: USK Skipulag
Efni: Skipulag í kynningu Laugardalur – austurhluti.

Góðan dag

ég vill eindregið koma á framfæri mótbárum við þessari staðsetningu á þessum hýsum.

Þúsundir barna fara þarna um Laugardalinn fylgdarlaus á leið til íþróttaiðkunnar og á þetta því alls ekki samleið þeirri notkunar svæðisins.

Virðingarfyllst

Þórir Helgason
[REDACTED]

USK Skipulag

Frá: Sigrún Böðvarsdóttir [REDACTED]
Sent: 16. júlí 2021 08:24
Til: USK Skipulag
Efni: Fwd: Laugardalur nýtt skipulag

Sent from my iPhone

Begin forwarded message:

Var búin áður að senda mótmæli eins og sést. Fer fram á íbúar fá að kjósa um þetta.

Laugardalur er ein af fáum grænum svæðum sem eftir er í borginni og á ekki vera íbúðabyggð eða smáhýsa bústaðir þar. Borgin hlýtur að eiga einhverjar aðrar lóðir f þetta

Mótmæli þessu algjörlega vil hafa dalinn eins og hann er og afhverju mega hvergi vera græn svæði

Vil fá rökstuðning hvers vegna þetta er og rökstuðning um að engin önnur svæði í borginni séu til fyrir þetta breytta skipulag. Hvað með 101-102-107 miðbæjarsvæði og Vesturbæ hvað er til fyrirstöðu þar

Sigrún Böðvarsdóttir Álfheimar 68 104 Reykjavík

Sent from my iPhone

Sent from my iPhone

Begin forwarded message:

From: Sigrún Böðvarsdóttir [REDACTED]
Date: 9 April 2020 at 11:15:30 GMT
To: skipulag@reykjavik.is
Subject: Laugardalur nýtt skipulag

Mótmæli þessu algjörlega vil hafa dalinn eins og hann er og afhverju má hvergi vera græn svæði

Vil fá rökstuðning hvers vegna þetta er og rökstuðning um að engin önnur svæði í borginni séu til fyrir þetta breytta skipulag. Hvað með 101-102-107 miðbæjarsvæði og Vesturbæ hvað er til fyrirstöðu þar

Sigrún Böðvarsdóttir Álfheimar 68 104 Reykjavík

Sent from my iPhone

USK Skipulag

Frá: [REDACTED]
Sent: 16. júlí 2021 23:18
Til: USK Skipulag
Afrit: egillhedinn
Efni: Fwd: athugasemdir við 5 smáhýsi í Laugardal

... framhald fyrri tölvuposts innan tímamarka 16. júní 2021

Eitt sjónarmið þarf að koma fram, að Reykjavíkurborg sé að "halda sýningu" á umdeildum íbúum 5 smáhýsa í miðjum Laugardalnum á mest áberandi staðnum við Engjavegin og Suðurlandsbraut þar sem umferð ökutækja borgarbúa er mikil allan sólarhringinn. Nokkrir íbúar 4 smáhýsa tjáðu sig strax á Fiskislóð 16 að mikið væri um "bíltúra" borgarbúa eingöngu til að skoða úrræði velferðarstofnna Rvk að hafa tvígreinda íbúa þar í neyslu í 4 smáhýsum. Hvíldi sú vanvirðing þungt á þeim sem sig tjáðu um málið og jaðarsetti íbúana enn frekar sem bjuggu þar innan 2.30 m hárrar læstrar girðingar. 2.30 m girðingar eru ekki fyrir búsmala heldur eru mannheldar.

Undirritaður hefur búið erlendis og hefur reynslu bæði í gegnum starf og búsetu að almenningsgarðar eiga í vök að verjast sem "örugg svæði". Nokkuð hefur verið um garðagengi undanfarin ár 14-15 ára unglinga í Laugardalnum einkum í skjóli myrkurs og gróðurs. Næturverðir Fjölsk og Húsdýragarðs (F og H) hafa átt undir högg að sækja vegna ofbeldis hópa sem stunda skemmdarverk jafnt innan sem utan garðs. 14-15 ára drengir sem ýmist æfa handbolta eða körfubolta eru að grýta næturverðina og dýrin í myrkrinu svo 1 kg grjót fljúga framhá höfðum þeirra. Lögreglan hefur ekki sinnt útköllum næturvarða sl 6 ár nema í þriðja hvert skipti og þá 1/2 klst eftir útkallsbeiðni. Tómas Guðjónsson fv forstöðumaður F og H hélt fundi um ástandið án þess að kalla til lögreglu þar sem skólastjórar Laugalækjarskóla - Langholtsskóla - Vogaskóla - TBR - Þróttar - Skautasvells - Laugardalslaugar - Laugardalshallar - Grasagarðs - hverfisstöðvar borgarinnar í Laugardal og báru saman bækur sínar.

Tímasetning ástands í Laugardalnum kallast á við upphaf "Secret Solstice". Forráðamenn sem hafa aðra hagsmuni en barna í fyrirrúmi hafa sótt í völd m.a. með hallarbyltingum innan Þróttar sem veltir tugmilljónum á útleigu á aðstöðu klúbbsins til "Secret Solstice". Hægt er að sýna framá samhengi á lausatökum hjá Þrótti frá byrjun "Secret Solstice" hátíða og aukinnar tíðni unglingavandamála á svæðinu.

Reynsla mín af samskiptum við íbúa smáhýsa í neyslu á Fiskislóð 16 - 37 og núverandi stað er að há dánartíðni er á meðal íbúa og gesta þeirra á svæðinu. Mikil gestaumferð hefur verið í smáhýsunum sem notuð eru til neyslu af húsnaðislausum sem fá þar inni í hópum í smáhýsunum gegn neysluefnum frítt til húsráðanda fyrir afnotin af húsaskjólinu. Líftími þeirra íbúa sem eingöngu neyta áfengis hefur verið mjög skammur í smáhýsunum og íbúaveltan hröð þar afleiðandi. Þeir sem nota önnur efni en áfengi hafa dvalið þar lengur.

Íbúar 5 smáhýsa verða að líkindum í hættu vegna eineltis hverfisunglinga. Ekki er nóg að setja skothelt gler í glugga eða stálhertarútidyr þegar sérsveit lögreglunnar brýst inn í smáhýsin af ýmsum ástæðum í gegnum tíðina.

Undirritaður óskar eftir faglegum gögnum sem styðja skoðun Velferðarráðs Reykjavíkurborgar að staðsetning 5 smáhýsa við Holtaveg/Engjaveg á svokölluðu Glæsibæjartúni sé íbúunum hagfelld umfram aðrar staðsetningar eins og t.d. þéttingu smáhýsabyggðar á Grandanum þar sem öll þjónusta er fyrir hendi en engin íbúabyggð, skólar, leikskólar eða skipulögð íþróttastarfssemi barna og unglinga.

Mikil innbrota og þjófnaðarhrina hófst á Granda með tilkomu smáhýsa við Fiskislóð 16. Íbúar ásamt gestum stunduðu innbort í báta og skip, fyrirtæki og verslanir fyrir utan bíla. Þýfismarkaður hefur þróast í smáhýsunum 4 á Granda í samvinnu við fíkniefnamarkað.

Í mörgum þeim tilfella sem undirritaður hefur orðið vitni að í smáhýsum á Fiskislóð hefur fólk með geðraskanir sem ekki kann fótum sínum forráð aukið neyslu sína og jarðarsetningu með smáhýsabúsetu. Í sumum tilfellum er um fólk að ræða með langan afbrotaferil sem er ekki hætt afbrotum. Önnur úrræði koma til greina en eftirlitslaus neysla og jaðarsetning í smáhýsum.

Virðingarfyllst

dr Egill Héðinn Bragason [REDACTED]

----- Forwarded Message -----

From: "justica" [REDACTED]

To: "skipulag" <skipulag@reykjavik.is>

Cc: "egillhedinn" [REDACTED]

Sent: Friday, 16 July, 2021 15:50:07

Subject: athugasemdir við 5 smáhýsi í Laugardal

Skipulag Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12-14

Efni: Athugasemdir við fyrirhugaða staðsetningu 5 smáhýsa með tvígreinda íbúa í neyslu líkt og á Fiskislóð 16 - 37 og núverandi stað

Undirritaður dr Egill Héðinn Bragason [REDACTED] og Vasile Marian Militaru [REDACTED] ásamt eiginkonu Lucindu erum íbúar að Suðurlandsbraut 27, áður nefnt Álfabrekka við Suðurlandsbraut byggt 1933 með leyfi byggingaryfirvalda Rvk gerum eftirfarandi athugasemdir við fyrirhugaða staðsetningu 5 smáhýsa íbúa í neyslu á Glæsibæjartúninu við bílastæði sem áður nefndist Holtavegur og tengdi Suðurlandsbraut og Langholtsveg þvert yfir Laugardalinn.

Undirritaður þekkir til tilraunaverkefnis 4 smáhýsa Reykjavíkurborgar fyrir íbúa í neyslu á þrem mismunandi stöðum í atvinnuhúsnæðis hverfi á Fiskislóð á Grandanum þar sem er engin íbúa byggð og telur óverjandi að hafa slíkt búsetu úrræði á vegum borgarinnar í fyrirhugaðri nálægð við íbúðarhús Suðurlandsbraut 27 sem stendur eitt og sér og er í 150 m fjarlægð frá fyrirhuguðum 5 smáhýsum.

Eiginkona Vasile er vanfær og sjálfur á ég 14 ára dóttur fyrir utan uppkomin börn sem eiga ung börn öll undir lögaldri.

Reynsla undirritaðs af vandamálum íbúa smáhýsa Reykjavíkurborgar sem undirritaður hefur aðstoðað í gegnum árin og afdrif þeirra er efni í heila bók, þó skiljanlega undirritaður geti ekki tilgreint einstök mál eða einstaklinga þá hafa mörg þeirra ratað í fréttir.

Engin umræða hefur farið fram um fyrirhugaða skipulagsbreytingu á meðal íbúa í 104 né hefur verið rætt við íbúa Suðurlandsbrautar 27 um fyrirhugaða 5 smáhýsabyggð með íbúum í neyslu.

Laugardalurinn á þegar undir högg að sækja m.a. vegna árlegrar dóphátíðar "Secret Solstice" sem hefur gerbreytt allri framkomu íbúa og ungmenna gagnvart Laugardalnum, bílplönin við Vinargerði Holtaveg 28 og bílastæðið við skautahöllina er orðið að nætur dópmarkaði. Helstu dópsalar borgarinnar eru með sölumenn staðsetta í Laugardalnum.

Þessa hefur m.a. gætt í lausatökum hjá íþróttafélögunum þar sem hallarbyltingar eru tíðar og nú síðast 18. maí hjá Þrótti, en leik og æfingavellir eru í niðurníðslu eftir síðustu mannskiptin þar sem siðblindir sækja í að taka við, hugsanlega vegna fjárplógsstarfsemi á borð við "Secret Solstice" þá vilja börnin gleymast sem þeir bera ábyrgð á. T.d. er æfingavöllur Þróttar við Suðurlandsbraut í slíkri niðurníðslu að börnin gera bara göt á girðingar eftir hentugleikum til að komast inn á völlinn, sem síðan allir ganga um áhorfendur - foreldrar - þjáfarar og jafnvel stjórnin. Hlið standa opin allan sólarhringinn, en reglunar eru að völlurinn sé læstur utan æfingatíma og mörkin skulu læst við girðingu og öll hlið skulu læst og enginn inni á vellinum án þjálfara.

Nú þegar eru sprautunála vandamál hjá leikskóla KFUM og K Vinargerði Holtsvegi 28 en þar finnast sprautunálar innan griðinga og þarf daglega srautunálaleit áður en börnum er hleypt inn á svæðið skv Maríu forstöðukonu.

Undirritaður óskar eftir frekari fresti til rökstuðnings og athugasemda vegna fyrirhugaðrar staðsetninga 5 smáhýsa íbúa í neyslu við Holtaveg

F.h. hjónanna Vasile og Luciendu og undirritaðs íbúum Suðurlandsbraut 27

dr Egill Héðinn Bragason

[REDACTED]

[REDACTED]

USK Skipulag

Frá: Sigurður Schram [REDACTED]
Sent: 16. júlí 2021 23:59
Til: USK Skipulag
Efni: Mótmæli smáhýsa í Laugardalnum

Mótmæli allri smáhýsa byggð í Laugardalnum það á ekki að byggja fyrir neinn á því svæði heldur ætti að skilgreina það sem grænt útivistar og íþróttasvæði.

Legg ég til að smáhýsin verða sett á lóð Listaháskólans en hún er mjög stór og í algjörri órækt.

Fullt af betri svæðum til en Laugardalurinn okkar

Sigurður Schram
[REDACTED]

Frá: Ragnheidur Armannsdóttir [REDACTED]
Sent: 16. júlí 2021 16:00
Til: USK Skipulag
Efni: Athugasemd vegna tillögu um nýtt deiliskipulag - Laugardalur - austurhluti - smáhýsi
Viðhengi: ATHUGASEMD_vegna_deiliskipulags_Laugardalur_austurhluti.docx

Góðan daginn.

Í viðhengi eru athugasemdir mínar varðandi tillögu um nýtt deiliskipulag - **Laugardalur - austurhluti - smáhýsi** sem var samþykkt á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 28. apríl 2021 og borgarstjórnar Reykjavíkur þann 20. maí 2021 og auglýst í Fréttablaðinu.

Með kveðju!
Ragnheiður Ármannsdóttir
Langhóltsvegi 80
[REDACTED]

VARÐANDI FYRIRHUGAÐA BRÉYTINGU Á LAUGARDAL - AUSTURHLUTA, VEGNA SMÁHÝSA Á NÝRRI LÓÐ Í AUSTURHLUTA LAUGARDALS

Þeirri hugmynd að reisa smáhýsi fyrir heimilislausa á lóð í austurhluta Laugardals er harðlega mótmælt þar sem reynslan af slíkum smáhýsum og svipuðum búsetuúrræðum, annars staðar eins og t.d. í Gufunesi og úti á Granda, hefur ekki verið góð. Búsetuúrræði fyrir þá (fólk í neyslu, geðfatlaða) sem geta ekki þrífist með öðrum íbúum í fjölbýlishúsum á ekki að koma niður á frístundasvæði, grænu svæði, borgarinnar þar sem fjölskyldur og börn koma saman eða eiga leið um. Það er vitað að fólk í neyslu hefur sótt í Laugardalinn og ef smáhýsi eiga að hýsa fólk í neyslu þá er viðbúið að neyslufólk og seljendur eiturlyfja flykkjast þar að í meira mæli.

Það er óskandi að viðunandi lausn finnist á vanda heimilislausra í borginni en undirrituð telur slíka byggð alls ekki eiga heima í grennd við leikskóla, skóla og frístundastarf barna og unglinga hvort sem er í Laugardalnum eða öðrum hverfum borgarinnar.

Einnig kalla ég eftir íbúakosningu um málefnið og heildrænu skipulagi fyrir allan Laugardalinn. Laugardalurinn hefur aldrei verið skipulagður með byggingu íbúða í huga. Nær væri að nota hugmyndaflugið og nýta auð græn svæði Laugardalsins til meiri íþróttauppbýggingar eða heilsutengdrar útiveru s.s. mini-golf svæðis, golf, stærra afgirts leiksvæðis/róluvallar fyrir börn, útikaffihúss o.s.frv.

Undirrituð hefur búið í Laugardalnum í rúmlega tuttugu ár og á tvö börn sem alist hafa upp í hverfinu og eitt sem gengur í skóla í hverfinu og sækir þar frístundir. Börnin í hverfinu stunda almennt íþróttir hjá þrótti og hafa ungmennin verið hvött til að koma sér sjálf á íþróttæfingar hjólandi eða gangandi um leið og þau hafa haft aldur og þroska til. Einnig eru börn sem sækja hugsanlega skóla þvert á Laugardaginn og fara þá fótgangandi þegar veður leyfir.

Laugardalurinn er einnig grænt svæði fyrir leiki og tómstundir og á að vera þannig. Í Laugardalnum og þar með í nágrenni fyrirhugaðra smáhýsa er Húsdýragarðurinn, Fjölskyldugarðurinn, Grasagarðurinn, íþróttamannvirki, sundlaug, tjaldsvæði sem og gott göngu og útvistarsvæði.

Laugardalurinn er útvistarsvæði allra Reykvíkinga og mér þætti miður að þurfa að hafa áhyggjur af velferð og öryggi barna í hverfinu hvort sem er við leik eða á leið sinni um þetta svæði.

Með kveðju!

Ragnheiður Ármannsdóttir
Langholtsvegi 80



Reykjavík 16. júlí 2021

Skipulagssvið Reykjavíkur

Umsögn: Vegna tillögu um breytingu á deiliskipulagi í Laugardal austur auglýst í júní 2021.

Stjórn Íbúasamtaka Laugardals (ÍL) ályktar að kynning á deiliskipulagsbreytingu í austurhluta Laugardals, án opins samráðs við íbúa sé ekki í anda íbúalýðræðis. Þarna sé verið að boða íbúðarbyggð á grænu svæði sem almenningur hefur nýtt á fjölbreyttan hátt til útivistar, íþróttæfinga og leikja. Í ljósi sívaxandi áhuga fólks á útiveru og íþróttum, þá fá opin svæði eins og þau sem þarna um ræðir sífellt meira vægi. Þar er ekki einungis um íbúa Laugardals að ræða auðvitað, en stjórn ÍL lítur á það sem skyldu sína að vekja athygli á þessari stöðu mála.

Stjórn Íbúasamtaka Laugardals (ÍL) hefur áður óskað eftir opnum kynningarfundum fyrir íbúa um málið í fyrra kynningarferli og ítrekar nú eindregið fyrri óskir um að boðað verði til fundar með íbúum til að kynna þessa breytingu.

Vísað er til Aðalskipulags Reykjavíkur (AR 2010-2030) í meðfylgjandi gögnum tillögu þeirrar sem um ræðir. Þar segir um þennan hluta Laugardals:

“Reiturinn er á svæði sem er merktur *Opin svæði-Borgargarðar* (OP1). Eftirfarandi kemur fram um borgargarða: „Sett er fram stefna um alla skilgreinda borgargarða innan þéttbýlis. Um þá gilda einnig almennir skilmálar sem settir eru fram í kafla um skilgreiningu opinna svæða innan þéttbýlis.“ *Opin svæði-Borgargarðar* merkt OP1.

Laugardalur er skilgreindur: „Laugardalur er einn af mikilvægustu borgargörðunum innan þéttbýlis. Fjölbreytt íþrótt- og afþreyingaraðstaða einkennir svæðið sem byggst hefur upp á þó nokkrum tíma. Megin stefnan í skipulagi dalsins er að halda áfram með uppbyggingu sambærilegrar útivistar og afþreyingaraðstöðu sem nú er að finna á svæðinu.“

Nú liggur fyrir tillaga um breytingar á deiliskipulagi þar sem stendur til að ráðstafa 1850 m² svæði undir íbúðir. Svæðinu er lýst sem malarplani og túni á borgarlandi sem sé ekki í neinni formlegri notkun. Þar sé

stefnt að því að koma fyrir smáhýsum á nýrri 1850 m² lóð en jafnframt að ekki sé gert ráð fyrir að búseta sé varanleg notkun á lóðinni. Ekki eru tilgreindar tímatakmarkanir á þeirri breytingu.

Gert er ráð fyrir allt að fimm smáhýsum á lóðinni, allt að 35 m² að stærð með afmörkun lóðar með gróðri eða girðingu og heimilt að reisa hljóðvegg á lóðarmörkum. Þetta er veruleg breyting á skipulagi og nýtingu landsvæðis sem ekki hefur verið ætlað til búsetu. Ætla má að það, óháð því hver eigi að búa í húsunum, sé dæmt til að vera umdeild tillaga.

Raddir íbúa sem viðra áhyggjur af búsetu einstaklinga sem eiga í erfiðleikum, á þessu svæði, þurfa einnig að fá hljómgrunn. Þar heyrast ábendingar eins og að þarna fari mörg börn um á leið í skipulegt íþróttastarf og hvernig þeirra öryggi verði tryggt.

Laugardalur er ein af þeim takmörkuðu auðlindum sem við höfum í borginni. Þar sem fagfólk lýsir lítið nýttu malarplani og túni, sjá þau sem nær búa leiksvæði og tækifæri til að gera góðan dal enn betri til afnota fyrir fjöldann. Til þess að svo megi vera, þarf ráðstöfun lands að taka mið af því að margir geti nýtt svæðið og skilið við það aftur fyrir næsta mann til að njóta.


Stjórn ÍL tekur heilshugar undir lýsingu á Laugardalnum í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030:

Laugardalur er einn af mikilvægustu borgargörðunum innan þéttbýlis.

Til þess að svo verði áfram, þarf að fara fram af yfirvegun við skipulag og nýtingu á landi í dalnum. Því hafnar stjórn ÍL þeirri tillögu um breytt deiliskipulag sem fram hefur verið lagt og kallar eftir að gert sé heildarskipulag fyrir Laugardalinn allan. Til þess samtals eru íbúar Laugardals og eflaust víðar í borginni reiðubúnir. Íbúasamtök Laugardals hafa lengi lýst því sjónarmiði að standa beri vörð um gildi Laugardalsins sem græns svæðis og mikilvægi þess sem útivistarsvæðis fyrir hverfið, borgina og landið.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd stjórnar ÍL,



Lilja Sigrún Jónsdóttir, formaður

Netfang: ibuarlaugardals@gmail.com